

PCC Bakki Silicon hf.
Bakkavegur 2
640 Húsavík

Reykjavík, 11. janúar 2023
UST202202-360/S.M.
08.07.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun og málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 13. desember 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir uppfærslu á stöðu frávíka og tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka sem fram hafa komið í eftirlitum stofnunarinnar í PCC BakkiSilicon. Þann 10. janúar 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.11 í starfsleyfi.** Vegna mikils magns framleiðsluryks og úrgangi á svæðinu eru niðurföll víða stífluð sem hindrar virkni ofanvatnsfráveitukerfis. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila eru holræsi og sandgildir nú hreinsaðar a.m.k. tvisvar á ári og plön og vegir á svæðinu eru nú sópuð a.m.k. tvisvar á ári. Fráviki telst lokið.**
- 2. Gr. 2.4 í starfsleyfi.** Umgengni á lóð er verulega ábótavant en þar ægir saman framleiðsluúrgangi, ýmiskonar byggingaúrgangi, raflögnum, tunnum og annarskonar blönduðum úrgangi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila var ráðist í átak þar sem rækilega var tekið til á geymslusvæði á lóð fyrirtækisins. Ýmsir varahlutir, byggingarefni og húsaklæðning er nú geymt á svæðinu á skipulegan hátt. Um 1500 tonn af uppsöfnuðum aukaafurðum hafa nú verið seld og flutt af svæðinu. Fyrirtækið reynir sífellt að bæta umgengni á lóð.**
- 3. Gr. 3.15 í starfsleyfi.** Að minnsta kosti 1100 tonn af framleiðsluúrgangi (ónýtanlegum aukaafurðum) eru áætlaðar á lóð PCC en þær skulu að jafnaði ekki nema meiru en 900 tonnum á ári skv. ákvæðum starfsleyfisins. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila höfðu fyrir síðasta eftirlit [10. október 2022] um 522 tonn verið flutt af svæðinu til förgunar í Stekkjarvík. Síðan þá hafa 170 tonn verið flutt af svæðinu af þessu efni (framleiðsluúrgangur) til viðbótar.**
- 4. Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Mikið ryk var á gólfum verksmiðjunnar sem bendir til þess að bæta þurfi verklag til að draga úr losun mengunarefna og stuðla að snyrtilegu rekstrarsvæði. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila þá hafa regluleg þrif á gólfum ofnhússins hefur verið bætt og rauntímavöktun á ryki inn í ofnhúsi hefur verið sett í ferli. Fráviki telst lokið.**
- 5. Gr. 3.3 í starfsleyfi.** Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni og framleiðsluvöru utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætta á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli. Haugur af timburkurli á hráefnasvæði rekstraraðila hefur dreift sér töluvert út fyrir hráefnasvæðið. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur fyrirtækið fjárfest í viðbótarkurlara sem gerir það að verkum að þörf á varabirgðum hefur minnkað. Búið er að**

gangsetja kurlarann. Markmið er að setja upp afmarkaðra útisvæði með steypueiningum sumarið 2023.

- 6. Gr. 3.11 í starfsleyfi.** Styrkur svifagna í ofanvatni sem losað er í Bakkaá skal vera undir 35 mg/l. Styrkur svifagna í ofanvatni í mælingu 2022 mældist 35,3 mg/l sem er yfir starfsleyfismörkum. **Styrkur svifagna í seinni frárennismælingu ársins 2022 reyndist vera rétt undir starfsleyfismörkum eða 34,7 mg/L. Fráviki telst lokið.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávika 2-3 og 5 verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir,
Sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
Lögfræðingur